

Í Vallaskóla er verið að innleiða uppeldisstefnuna *Jákvæður agi* (e. Positive Discipline) sem byggir á sjálfsstjórnunarkenningum og felur í sér að horft er á orsakir hegðunar fremur en t.d. að reyna að breyta hegðuninni með umbun og refsingu eins og lengi hefur tíðkast.

*Jákvæður agi* kennir félagsfærni og lífsleikni

- Meginreglur *Jákvæðs aga* hjálpa til við að byggja samband væntumþykju og virðingar og þær auðvelda að finna lausnir til frambúðar.
- *Jákvæður agi* byggir á kennslu, skilningi, hvatningu og samskiptum

Börnin þróa með sér ábyrgðarkennd og þroska félagsfærni sína í gegnum lífsleikni í andrúmslofti virðingar, góðvildar og festu. *Jákvæður agi* byggir á því að börn þroski með sér og efli færni í að finna lausnir og setja sér mörk í samskiptum.

Teymi innan skólans heldur utan um innleiðinguna sem hefst í 1-5 árgangi og vex síðan með nemendum upp grunnskólann. Með því gefst færi á að leggja sterkan grunn að félags- og tilfinningafærni nemenda sem fylgt er eftir alla skólagönguna í Vallaskóla.



## Sjálfsstjórnarkenningar

Jákvæður agi er uppeldisstefna sem byggir á sjálfsstjórnunarkenningum. Höfundar eru Alfred Adler, Rudolf Dreikurs, William Glasser, Jane Nelsen o.fl.

### Það sem skýrir hegðun:

- fólk er knúið áfram af innri þörfum - að tilheyra

### Við höfum mest áhrif:

- þegar við höfum samskipti sem byggjast á gagnkvæmri virðingu

### Áhrifamestu verkfærin eru:

- samhygð, skilningur, þrautalausnir, góðvild og festa

### Virðing er:

- gagnkvæm, allir eiga skilið virðingu í samskiptum

### Viðbrögð við óæskilegri hegðun:


- að leita orsaka, finna lausnir og fylgja ákvörðunum eftir

### Viðbrögð við hættulegri hegðun:

- skýr eftirfylgd og rökréttar afleiðingar

### Nám fer fram þegar:

- barn upplifir tilgang, sjálfsstjórn og þátttöku



## Mistök eru tækifæri til að læra

Mikilvægt er að kenna börnum að losna við sektarkennd, skömm og ásakanir eftir að hafa gert mistök. Að geta beðist afsökunar á mistökum og fundið út í sameiningu hvernig hægt er að læra af þeim hjálpar börnum að bæta sig í samskiptum.

*Þegar við gerum mistök er best að:*

**V** – viðurkenna  
ég gerði mistök

**A** – afsaka  
ég biðst afsökunar/fyrirgefningar

**L** – leysa  
getum við fundið lausn?



**Leitum ávallt lausna**



## Heildarmyndin - Hús Jákvæðs aga

<b><u>Að ala upp kynslóð sem er...</u></b> Ábyrgðarfull, kurteis, fær í samskiptum og úrræðagóð!			
<b>Bekkjarfundir</b> 1. Hrós og hvatning 2. Að fylgja málum eftir – hvernig gengur okkur? 3. Mál á dagskrá – við ræðum, hlustum og leitum lausna 4. Dagskráin framundan – verkefni, ferðir og þess háttar			
<b>Grundvallarfærni fyrir bekkjarfundi</b>			
<b>Varða #1</b> Að mynda hring	<b>Varða #2</b> Að æfa hrós og þakkir	<b>Varða #3</b> Að virða fjölbreytileikann	<b>Varða #4</b> Samskipti byggð á gagnkvæmri virðingu
<b>Varða #5</b> Að leita lausna	<b>Varða #6</b> Hugstormun og hlutverkaleikur	<b>Varða #7</b> Bekkjarfundir og mál á dagskrá	<b>Varða #8</b> Að skilja og nota töfluna um ástæður mismunandi hegðunar
<b><u>Að undirbúa jarðveginn</u></b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Bekkjarsáttmálar og viðmið<ul style="list-style-type: none"><li>• Að skapa venjur</li><li>• Mikilvæg störf</li><li>• Sjálfsstjórn</li><li>• Samskiptafærni</li><li>• Gagnkvæm virðing</li><li>• Að efla samvinnu</li></ul></li><li>• Mistök eru tækifæri til að læra<ul style="list-style-type: none"><li>• Hvatning</li></ul></li><li>• Að virða fjölbreytileikann</li><li>• Að sannfæra nemendur um gildi bekkjarfunda</li></ul>			
<b><u>Jákvæður agi - grunnhugsun</u></b> Að þróa samskipti í skólum, fjölskyldum og samfélaginu sem byggja á gagnkvæmri virðingu.			

## Gróf kennsluáætlun, yfirlit yfir þá þætti sem teknir eru í hverjum árgangi

Yfirlit yfir áherslupætti

1. árgangur	2. - 3. árgangur	4. -5. árgangur	6. - 7. árgangur	8. - 10. árgangur
Bekkjarsáttmáli	Bekkjarsáttmáli	Bekkjarsáttmáli	Bekkjarsáttmáli	Bekkjarsáttmáli
Sjálfstjórn	Sjálfstjórn	Sjálfstjórn	Sjálfstjórn	Sjálfstjórn
Að skapa venjur	Að skapa venjur	Að skapa venjur	Að skapa venjur	Að skapa venjur
Gagnkvæm virðing	Gagnkvæm virðing	Gagnkvæm virðing	Gagnkvæm virðing	Gagnkvæm virðing
Læra af mistökum	Læra af mistökum	Læra af mistökum	Læra af mistökum	Læra af mistökum
Virða fjölbreytileikann	Virða fjölbreytileikann	Virða fjölbreytileikann	Virða fjölbreytileikann	Virða fjölbreytileikann
Hvatning	Hvatning	Hvatning	Hvatning	
Hrós og þakklæti				
	Samskiptahæfni	Samskiptahæfni	Samskiptahæfni	Samskiptahæfni
	Störfín í bekknum	Störfín í bekknum	Störfín í bekknum	
		Leitað lausna	Leitað lausna	Leitað lausna
			Efla samvinnu	Efla samvinnu
				Ástæður mismunandi hegðunar

Nánari upplýsingar um Jákvæðan aga má finna á þessari [heimasíðu](#).